

VPV Future Pension Classic
Lykilupplýsingaskjal
Tilboð sem innifelur útreikningsdæmi
Upplýsingaskjal um öryggiseignir

Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.

Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.

Samningsupplýsingar

VPV Future Pension Classic samningurinn er einingatengd lífeyristrygging (með ævilöngum lífeyri) með jöfnum reglulegum greiðslum.

Iðgjaldaskrá	FPC 1
Kyn hins tryggða	XX
Fæðingardagur hins tryggða	xx.xx.xxxx
Upphafsdagur tryggingar	xx.xx.xxxx
Samþykktur upphafsdagur lífeyrisgreiðslna	xx.xx.xxxx
Tryggt lífeyristímabil	x Ár
Söfnunartímabil	x Ár
Tímalengd kalltímabils frá samþykktum upphafsdegi lífeyrisgreiðslna	x Ár
Iðgjaldsgreiðslutímabil	x Ár
Greiðsluháttur iðgjalda	mánaðarlega

Iðgjaldsgreiðsla þín

Mánaðarlegt iðgjald x,xx €

Réttindi þín

Tryggð eingreiðsla við lok söfnunartíma	x.xx €
Tryggðar dánarbætur á söfnunartíma	Actuarial reserve **)
Tryggður mánaðarlegur lífeyrir	x,xx €
Hugsanleg eingreiðsla við lok söfnunartíma*)	x.xx €
Hugsanlegur mánaðarlegur lífeyrir við samþykkt upphaf lífeyristöku*)	x.xx €

*) Þú munt eiga hlutdeild í hagnaði og verðmatssjóð (ágóðahlutdeild). Þessi réttindi til ágóðahlutdeildar auka greiðslur frá okkur. Það er ekki hægt að ábyrgjast ágóðahlutdeild til lengri tíma. Hlutdeild í verðmatssjóð getur líka verið núll. Nánari upplýsingar er að finna í skýringum um þátttöku í ágóðahlutdeild.

**) Tryggingafræðileg tryggingaskuld er fjármagnið til að mæta lofuðum réttindum til tryggingartaka. Hún er reiknuð á grundvelli greiddra iðgjalda. Reiknaðar tryggðar dánarbætur á tilteknum tímamarkum er að finna í kaflanum "Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi".

- Valmöguleikar ef hinn tryggði lifir fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris.
Ef hinn tryggði lifir fram að upphafi lífeyris greiðum við hefðbundin lífeyri með tryggðu lífeyristímabili.
Á hinn bóginn getur þú
 - valið eingreiðslu lífeyris eða
 - frestað töku lífeyris innan kalltímabils.Vinsamlegast athugið að ævilangur lífeyrir verður eingöngu greiddur ef að raunþróun samningsins nær lágmarkslífeyri sem nemur € 300 á ári. Ef þessi lágmarkslífeyrir næst ekki verður lífeyririnn gerður upp í eingreiðslu.
- Hefðbundin lífeyrir með tryggðu lífeyristímabili
Hefðbundin lífeyrir með tryggðu lífeyristímabili er greiddur út ævina. Ef að hinn tryggði deyr á tryggðu lífeyristímabili munum við greiða út núvirði þess lífeyris sem hefði komið til greiðslu þar til í enda tryggða lífeyristímabilsins, ef að andlát hefði ekki komið til. Ef að lífeyrisgreiðslur hefjast við 67 ára aldur lýkur tryggða lífeyristímabilinu á fyrsta afmælisdegi upphafs lífeyrisgreiðslna eftir að hinn tryggði nær 85 ára aldri.
- Eingreiðsla lífeyris í enda söfnunartíma

Í staðinn fyrir jafnar lífeyrisgreiðslur getur þú valið eingreiðslu lífeyris. Í því tilfalli greiðum við út samningseignina við upphaf lífeyristöku og samningurinn endar. Þú getur einnig valið að fá hluta samningseignar greidda (eingreiðsla að hluta) og fengið afgang samningseignarinnar sem jafnar lífeyrisgreiðslur.

Ef að upphafsdegi lífeyris er breytt, (færður fram eða aftur) getur ofangreindur tryggður lífeyrir breyst. Tímalengd söfnunartímabils breytist einnig. Ef að lífeyristaka hefst fyrr en sem nemur upphaflega samþykktum upphafsdegi lífeyris getur þú valið jafngreiðslur sem hefðundin lífeyri með tryggðu lífeyristímabili eða sem jafnar tímabundnar greiðslur. Ef að lífeyristaka hefst á kalltímabili getur þú valið jafngreiðslur sem hefðbundin lífeyri með tryggðu lífeyristímabili eða eingreiðslu lífeyris. Kalltímabil er tíminn milli samþykks upphafs dags lífeyris og fyrsta dag mánaðarins eftir að hinn tryggði nær 85 ára aldri.

Tryggð réttindi geta aukist sem nemur þátttöku í ágóðahlutdeild.

Frekari upplýsingar og töflu yfir tímalengd tryggðs lífeyristímabils er að finna í almenna tryggingarskilmálanum.

Mikilvægar upplýsingar um virði samningseignar þinnar í VPV Future Pension Classic

Undir liðnum “Tryggð réttindi í €” í kaflanum “Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi” kynnum við tryggð tryggingarréttindi. Við ábyrgjumst þessi réttindi sem verða greidd þegar kemur að tryggingaratburð.

Talnagildin sem eru sýnd í töflunni “Hugsanleg réttindi í € samkvæmt núgildandi yfirlýsingu um ágóðahlutdeild“ eru ekki bindandi. Þar er gert ráð fyrir að núgildandi ágóðahlutdeild verði óbreytt yfir samningstímann. Samkvæmt núgildandi ágóðahlutdeild okkar eru vextir greiddir á tryggingatæknilegu tryggingaskuldina sem nemur 2,45 % á ári (svo lengi sem iðgjöld eru greidd, annars 3.20 % á ári). Af þessu eru 0.25 % tengd tryggðum vöxtum, 1.70 % til núverandi ágóðahlutdeildar og 0.50 % (svo lengi sem iðgjöld eru greidd, annars 1.25 %) til reglulegrar ágóðahlutdeildar. Uppsöfnuð núgildandi ágóðahlutdeild ber 2.35 % vexti á ári og að auki tókum við með í reikning iðgjaldsbundna lokaágóðahlutdeild sem nemur sem nemur 0.40% af greiddum iðgjöldum hvers árs og lágmarkspáttöku í verðmatssjóð sem er 0.00% af greiddum iðgjöldum hvers árs. Þetta væri greitt út hlutfallslega (pro-rata) í tilfalli uppsagnar eða andláts áður en kemur að lífeyristöku.

Eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast eru vextir á samningseign yfir tryggða lífeyristímabilið 2.35% á ári (fyrir kostnað). Að auki eru lífeyrir aukin sem nemur þátttöku í verðmatssjóð, núna 0.00% á ári.

Við getum ekki lofað að ágóðahlutdeild og þátttaka í verðmatssjóð muni halda sér á þennan máta til framtíðar. Réttihafi á ekki tilkall til þeirra réttinda að því marki sem þau eru umfram lofuð og tryggð réttindi og endanleg reiknuð ágóðahlutdeild samkvæmt samningnum reynist lægri. Þá sérstaklega getur lokaágóðahlutdeild vegna fyrri ára verið lækkuð áður en úthlutað er til samningsins.

Frekari upplýsingar er einnig að finna í kaflanum “Skýringar varðandi ágóðahlutdeild”.

Þegar fjallað er um tryggð réttindi og hugsanleg réttindi, gerum við alltaf ráð fyrir að iðgjöld verði greidd eins og samið hefur verið um.

Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi (útreikningur í dæmaskyni)

1. Söfnunartími

Til þess að gefa þér hugmynd um hvernig VPV Future Pension lífeyrstrygging gæti þróast fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris höfum við gert reiknilíkan í dæmaskyni hér að neðan. Tölugildin sem eru sýnd undir "Tryggð réttindi í €" sýna neðri mörg viðkomandi réttinda. Við ábyrgjumst þau réttindi og þau verða greidd til þín sem lágmark við tryggingaraburð. Tölugildi sem sýnd eru undir "Hugsanleg réttindi" tilgreina réttindin ef við náum að viðhalda óbreyttri ágóðahlutdeild út söfnunartíma og er því ekki með ábyrgð okkar sem tryggð.

a) Tryggð réttindi

Dagsetning	Tryggð réttindi í €				
	Í tilfalli andláts	Til endurkaups			Fyrir iðgjaldsfrían samning
		Endurkaupsvirði (fyrir uppsagnargjald)	Uppsagnargjald	Endurkaupsverð eftir uppsagnargjald (greidd fjárhæð)	Árlegur lífeyrir frá lífeyristöku
XX. XX.XXXX	x,xx	x,xx	x,xx	x,xx	x,xx
(...)	(...)	(...)	(...)	(...)	(...)
XX .XX.XXXX	x,xx	-	-	-	x,xx

Tryggður árlegur lífeyrir í tilfalli þess að samningur er gerður iðgjaldsfrír er sýndur í töflunni jafnvel þótt hann sé minni en € 300. Ef að útreiknaður árlegur lífeyrir nær ekki € 300 er samningseign greidd út í eingreiðslu.

b) Hugsanleg réttindi

Dagsetning	Hugsanleg réttindi í € í samræmi við núgildandi yfirlýsingu ágóðahlutdeildar					
	Í tilfalli andláts			Til endurkaups (eftir uppsagnargjald)		
	Heild	Þar af núverandi ágóðahlutdeild	Þar af loka-ágóðahlutdeild *)	Heild	Þar af núverandi ágóðahlutdeild	Þar af loka-ágóðahlutdeild *)
XX. XX.XXXX	x	x	x	x	x	x
(...)	(...)	(...)	(...)	(...)	(...)	(...)
XX .XX.XXXX	x	x	x	x	x	x

*) samanstandur af lokaágóðahlutdeild og lágmarks þátttöku í verðmatssjóð.

Ef þú velur eingreiðslu lífeyris í lok söfnunartíma mun fjárhæðin € x.xx verða greidd miðað við óbreytta ágóðahlutdeild.

2. Lífeyrisgreiðslur

Eftirfarandi er dæmi hvernig hugsanlegar lífeyrisgreiðslur geta orðið með tryggðu lífeyristímabili.

Við kynningu þessara réttinda höfum við gert ráð fyrir að þátttaka í ágóðahlutdeild verði óbreytt út söfnunartímamann og meðan lífeyristöku standur. Við gerum líka ráð fyrir að allir reiknigrundvallir verði óbreyttir.

Dagsetning	Tryggð réttindi í €		Hugsanleg réttidi í € samkvæmt núgildandi yfirlýsingu ágóðahlutdeildar	
	Árlegur lífeyrir út ævina	Dánarbætur	Virk hækkun lífeyris út ævina	Dánarbætur
XX . XX.XXXX	x,xx	x,xx	x,xx	x,xx
...
XX . XX.XXXX	x,xx	x,xx	x,xx	x,xx
X	x,xx	0	x,xx	0
...
XX . XX.XXXX	x,xx	0	x,xx	0

Lífeyririnn er greiddur út ævina en er bara sýndur hér fyrir valin tímabil. Sú staðreynd að sýnidæmið hér að ofan endar snemma merkir ekki að lífeyririnn verði ekki greiddur áfram um ókomnu árin.

Veitt réttindi í tilfelli samnings í iðgjaldafrí

Þú getur fengið undanþágu frá því að greiða samningsiðgjald. Í því tilfelli lækkum við lífeyririnn sem iðgjaldsfrían lífeyrir í samræmi við viðurkenndar reglur tryggingastærðfræði.. Vinsamlega athugið töfluna "Tryggður lífeyrir" í kaflanum "Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi" sem við á um iðgjaldsfrían samning. Þau eru tryggð hvað varðar fjárhæð.

Veitt réttindi / eingreiðsluuppgjör

Þú getur sagt upp samning þínum **fram að töku lífeyris** í samræmi við tryggingarskilmála í því tilfelli greiðum við að minnsta kosti tryggða samningseign að frádregnu uppsagnargjaldi. Tryggð samningseign (fyrir uppsagnargjald) er reiknuð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 169. gr. þýsku laganna um váttryggingarsamninga (VVG). Tryggð samningseign eftir uppsagnargjald er reiknuð frá hinni tryggðu samningseign (fyrir frádrátt uppsagnargjalds) með því að draga uppsagnargjaldið frá í samræmi við 5. mgr. 169. gr. VVG. Tryggð samningseign eftir frádrátt uppsagnargjalds (útborguð fjárhæð) getur verið augin með þátttöku í ágóðahlutdeild. Lokafjárhæð samkvæmt því getur ekki verið tryggð þar sem fjárhæð ágóðahlutdeildar í framtíðinni er ekki tryggð. (sjá kaflann "Skýringar varðandi ágóðahlutdeild").

Vinsamlega horfið til kaflans "Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi" hvað varðar fjárhæð tryggðra réttinda og hugsanleg aukaleg réttindi við uppsögn sem og fjárhæð uppsagnargjalds. Frekari upplýsingar um uppsögn eða eingreiðsluuppgjör er líka að finna í almenna tryggingarskilmálanum.

Skýringar varðandi ágóðahlutdeild

Ágóðahlutdeild samanstendur af þátttöku í árlegri ágóðahlutdeild og virðismismunarsjóð. Hér á eftir útskýrum við helstu punkta hvað varðar þátttöku í ágóðahlutdeild. Frekari upplýsingar er að finna í 2. gr. almenna tryggingarskilmálans.

Tilurð ágóðahlutdeildar

Sem regla, þá myndum við ágóðahlutdeild vegna árangurs áhættustýringar, árangurs fjárfestinga og aðhaldi kostnaðar. Því færri tjón sem við berum, því betri fjárfestingarstefna og því betra kostnaðarhlutfall okkar, því hærri verður ágóðahlutdeild.

Fjárhæð ágóðahlutdeildar

Fjárhæð ágóðahlutdeildar fer að mestu eftir ofangreindum þáttum. Það er ekki hægt að sjá þá fyrir og við getum bara haft áhrif á þá að takmörkuðu leyti. **Vegna þessa getum við ekki lofað fjárhæð ágóðahlutdeildar langt fram í tímann.** Þú getur séð hugsanlega þróun ágóðahlutdeildar í útreikningsdæmum okkar.

Úthlutun ágóðahlutdeildar

Mestur hluti ágóða okkar er færður til tryggingartaka. Lagafyrirmæli í 140. gr. þýsku laganna um váttryggingarsamninga tryggir að tryggingartakar fái viðeigandi hlutdeild í ágóða.

Tryggingaskírteini eru flokkuð í samræmi við fjárfestingaráhættu og váttryggingaráhættu þeirra. Úthlutun ágóðahlutdeildar er byggð á hvaða flokkar trygginga það eru sem hafa lagt til ágóðann (orsakaregla).

Núverandi árleg ágóðahlutdeild (eftir kostnað) ber vexti á söfnunartíma.

Ef að tryggður einstaklingur nær byrjun lífeyristímabils er lokaágóðahlutdeild úthlutað til samnings hans til viðbótar við reglulega ágóðahlutdeild. Í því tilfalli að lífeyrir er greiddur í eingreiðslu í enda söfnunartímabils er lokaágóðahlutdeild greidd út. Annars er hún greidd með jöfnum greiðslum á lífeyristímanum. Í tilfalli andláts hins tryggða eða uppsagnar samnings fyrir lífeyristöku er niðurreiknuð lokaágóðahlutdeild greidd út eftir að biðtíma lýkur. Lokaágóðahlutdeild samanstendur af iðgjaldsbundinni ágóðahlutdeild (myndast aðeins með reglulega greiddum iðgjöldum) og reikning ágóðahlutdeildar. Vextir eru greiddir á reikning ágóðahlutdeildar með vöxtum sem eru ákvarðaðir árlega.

Þegar lífeyrir er tekin (ævilangur eða tímabundin lífeyrir) er úthlutað ágóðahlutdeild notuð til að hækka lífeyrisgreiðslurnar.

Þátttaka í virðismismunarsjóð

Við færum þér hlutdeild í virðismismunarsjóð fjárfestinga okkar í samræmi við orsakareglu. Fjárhæð þeirrar hlutdeildar fer eftir gjalddaga okkar til samningsefnda og þróun verðbréfamarkaða. Gjalddagi okkar til samningsefnda eru uppsögn samningsins, andlát hins tryggða eða lok söfnunartímabils. Til þess að jafna skyndilegar eða skammtíma sveiflur á verðbréfamörkuðum lýsum við yfir nýrri lágmarks hlutdeild árlega sem er veitt óháð þágildandi stöðu virðismismunarsjóðs. Lágmarkshlutdeild getur líka verið núll.

Núverandi lágmarkshlutdeild í enda söfnunartímabils er €x.xx. Ef samningur þinn endar er hlutdeild þín í virðismismunarsjóð reiknuð og úthlutað til þín að minnsta sem nemur yfirlýstri lágmarks hlutdeild. Þegar þú tekur lífeyri er hlutdeildin reiknuð árlega og úthlutað til samnings þíns, í fyrsta skipti einu ári eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast og notuð til þess að hækka lífeyri þinn varanlega.

Staðlað reiknilíkan í samræmi við 1. Mgr. 154.gr. VVG

Til þess að sýna áhrif mismunandi vaxta erum við, sem þýskt tryggingafélag, skyldugt samkvæmt 1. mgr. 154. gr. VVG að afhenda þér staðlaða útreikninga að auki við þau réttindi sem fylgja núverandi ágóðahlutdeild. Vaxtaforsendur sem eru notaðar eru lögbundnar og staðlaðar fyrir öll tryggingafélög í Þýskalandi.

Áætlaðir ársvextir	1,42 %	0,42 %	- 0,58 %
Mánaðarlegur lífeyrir við upphaf lífeyristöku	x,xx €	x,xx €	x,xx €

Eingreiðsluuppgjör	x €	x €	x €
--------------------	-----	-----	-----

Þetta staðlaða reikningsdæmi er reiknilíkan byggt á ímynduðum forsendum. Engin samningsbundin krafa getur myndast á okkur vegna þessa staðlaða reikningsdæmis.

Tölugildin sem eru notuð í staðlaða reikningsdæminu eru reiknuð sem hér segir: Okkar yfirlýsti vaxtafótur samkvæmt núgildandi yfirlýsingu um ágóðahlutdeild hvers hugsanlegu réttindi eru tiltekin í kaflanum "Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi" er skipt út í staðlaða reikningsdæminu fyrir fyrir lögákveðnu vaxtaforsendurnar - 0.58 %, 0.42 % og 1.42 %. Lokaágóðahlutdeild og þátttaka í virðismismunarsjóð er ekki reiknuð með. Lagaákveðni staðlaði vaxtafóturinn - 0.58% er lægri en tryggingastærðfræðilegir vextir. Tryggði hlutinn af heildarréttindum væri því lægri en ef að reiknað er með tryggingastærðfræðilegum vöxtum. Þar sem við lofum þér tryggðum réttindum þá reiknum við þau réttindi þín með tryggingastærðfræðilegum vöxtum.

Þessir ofangreindu sýndu vextir eru eingöngu framsettir í dæmaskyni. Þeir eru hvorki lágmark né hámarks vextir heldur eru þeir staðlaðir til framsetningar hjá öllum þýskum tryggingafyrirtækjum. Þau réttindi sem felast í núverandi yfirlýsingu okkar um ágóðahlutdeild geta líka innifalið lokaágóðahlutdeild og þátttöku í virðismismunarsjóð. Nánari upplýsingar um það er að finna í kaflanum "Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi".

Upplýsingar um sjálfbærni samkvæmt Upplýsingareglugerð (Disclosure) EU 2019/2088 og Flokkunarreglugerð (Taxonomy) EU 2020/852

Fjármunir í samning þínum eru fjárfestir í VPV's öryggiseignum á samningstímanum..

Hér getur þú lesið upplýsingar um sjálfbærni og þá sérstaklega hvort og hvernig sjálfbærniáhætta sé tekin með í reikning, og hvort og hvernig fjárfestingin stuðli að umhverfislegum eða félagslegum þáttum eða stefnir að sjálfbærum fjárfestingum.

Sjálfbærni snýr ekki bara að umhverfisþáttum. Félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir eru jafn mikilvægir. Í hnotskurn, þættir sem stuðla að þróun sjálfbærni eru sérstaklega taldir vera eftirfarandi:

- Umhverfisleg sjónarmið (Umhverfismál)
 - Félagsleg og vinnuréttarleg sjónarmið (Félags- og velferðarmál)
 - Virðing fyrir mannréttindum (Félags- og velferðarmál)
 - Barátta gegn spilling og mútum (Stjórnarhættir eða stjórnarhættir fyrirtækja).
- Til þessara þátta er líka vísað til sem ESG (Environmental, Social, Governance) sjónarmiða.

Hvað varðar VPV þá er tillit til sjálfbærniáhættu grundvallarsjónarmið í vörupróun og fjárfestingum. VPV setur þá áhættu í fyrirrúm varðandi þróun á fjárfestingarstefnu sinni.

Sjálfbærniáhættur

Með sjálfbærniáhættum í fjárfestingum meinum við umhverfisleg- félagsleg eða stjórnunarleg (ESG) atvik eða aðstöðu sem getur hugsanlega leitt til verulegra neikvæðra afleiðinga fyrir fjárfestinguna ef raungerast.

Sjálfbærniáhrif

Sjálfbærniáhættur geta haft neikvæð áhrif á árangur. Við íhugum helstu sjálfbærniáhrif í fjárfestingarákvörðunum okkar. Það krefst ígrundunar á umhverfislegum, félagslegum og vinnuréttarlegum þáttum, virðingu fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútum.

Upplýsingar um mikilvægustu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti eru veittar í ársreikning okkar.

Upplýsingar um umhverfisáhrif sjálfbærra fjárfestinga

ESB flokkunarreglugerðin (EU Taxonomy Regulation) skilgreinir á staðlaðan máta umhverfislega sjálfbæra starfsemi sem þá starfsemi sem stuðlar verulega að minnsta kosti einum af umhverfislegum markmiðum ESB (mildun loftlagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og – eftirlit, og verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa)). Ennfremur þá má starfsemin ekki stuðla að neinum verulegum neikvæðum áhrifum á umhverfisleg markmið (meginreglan: "að forðast veruleg skaðleg áhrif") og eiga sér stað í samræmi við skilgreind lágmarksviðmið umhverfisverndar.

Sýna skal fram á lágmarkshlutdeild umhverfislega sjálfbærra fjárfestinga samkvæmt flokkunarreglugerðinni sem og lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt upplýsingareglugerðinni innan fjárfestingar vörunnar. Þetta fer eftir upplýsingagjöf fyrirtækjanna sem við fjárfestum í. Ef fyrirtækin upplýsa ekki um umhverfisáhrif sín ekki getum við ekki veitt upplýsingar um þetta. Að því marki sem upplýsingar eru veittar um lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum í samræmi við upplýsingareglugerðina og um lágmarkshlutdeild í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum í samræmi við flokkunarreglugerðina er engin trygging fyrir því að farið verði að þeim á fjárfestingartímanum.

Meginreglan um "að forðast veruleg skaðleg áhrif" skal aðeins gilda um þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni og taka tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra efnahagsstarfsemi. Fjárfestingarnar sem liggja að baki eftirstandandi hluta þessarar fjármálaafurðar taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra efnahagsstarfsemi.

Þessi fjármálavara styður umhverfislega – og félagslega eiginleika en er ekki bundin við sjálfbærar fjárfestingar.

Frekari upplýsingar um sjálfbærni og tillit okkar á sjálfbærniáhættum og neikvæðum áhrif á sjálfbærniþætti í fjárfestingum VPV er að finna á vefsíðunni www.vpv.de/nachhaltigkeit.

Öryggiseignir:

Öryggiseignir eru stærsti hluti fjárfestinga VPV. Umhverfislegir og félagslegir þættir eru teknir með í reikning og fylgst með þeim í samræmi við áætlun VPV um sjálfbærar fjárfestingar þegar fjárfest er í öryggiseignum. Þegar um er að ræða nýjar fjárfestingar tryggjum við að þær uppfylli sjálfbærni viðmið okkar. Við hönnum ákvarðanatökuferli um fjárfestingar þannig að sjálfbærniáhætta sé hluti af fjárfestingarákvörðunum og tökum einnig tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni. Við tökum einnig samfélagslega ábyrgð fyrirtækja mjög alvarlega. Við mat og endurskoðun á viðmiðum um sjálfbærni reiðum við okkur á sjálfbærnimatsfyrirtækið ISS ESG. Með þessum stuðningi getum við greint umhverfis-, loftslags-, og félagslegar áhættur og slæma stjórnarhætti. Við byggjum fjárfestingarákvarðanir okkar á þessum niðurstöðum og takmörkum sjálfbærniáhættu í fjárfestingum okkar með skýrum viðmiðum og undanþágum.

Nánari upplýsingar um öryggiseignirnar og sjálfbærni þeirra er að finna á meðfylgjandi upplýsingablaði og á www.vpv.de/sicherungsvermoegen. Á upplýsingablaðinu er því lýst hvaða vistfræðilegu eða félagslegu þátta er tekið tillit til og að hvaða sjálfbæru fjárfestingum er stefnt. Þar er einnig að finna upplýsingar um notkun vísitölu og reikniaðferð hennar, um lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt upplýsingareglugerðinni, lágmarkshlutdeild í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt flokkunarreglugerðinni og að hvaða marki er tekið tillit til helstu neikvæðu áhrifa á

sjálfbærniþætti. Ársreikningur okkar skal einnig innihalda upplýsingar um hvort farið sé að umhverfislegum eða félagslegum eiginleikum og helstu skaðlegu áhrifum á sjálfbærniþætti.

Kostnaður

Það er viðskiptakostnaður tengdur samning þínum. Hann er innifalin og greiddur með samþykktu iðgjaldi þínu og ekki innheimtur sérstaklega. Fjárhæðir öflunar- og dreifingarkostnaðar ásamt öðrum kostnaði eru sýndar hér að neðan:

Öflunar- og dreifingarkostnaður er í heild € x.xx.

Annar kostnaður er € x.xx á ári. Þessi annar kostnaður er umsýslukostnaður.

Annar árlegur kostnaður sem er tilgreindur hér er innifalin í árlegum iðgjöldum og fellur til á söfnunartíma sem nemur x árum. Árlegt iðgjald er € x.xx.

Við gjaldfærum frekari umsýslukostnað sem nemur 0.25% á ári af tryggingatæknilegu tryggingaskuldinni núvirtri sem nemur einu ári með tryggingastærðfræðilegum vöxtum svo lengi sem iðgjald er greitt. Eftir að iðgjaldsgreiðslur hætta innheimtum við árlegan kostnað sem nemur 0.40% af tryggingatæknilegri tryggingaskuld núvirtri um eitt ár með tryggingatæknilegum vöxtum. Fyrir hverjar € 100 í núvirtri tryggingaskuld er þetta € 0.25 eða € 0.40. Við gjaldfærum þennan aukalega umsýslukostnað frá yfirlýstri ágóðahlutdeild þegar hún fellur til.. Ef að yfirlýst ágóðahlutdeild er lægri en sem nemur þessum aukalega umsýslukostnaði verður hann ekki hærri en sem nemur fjárhæð ágóðahlutdeildarinnar.

Að auki við ofangreinda kostnaðarliði fellur til kostnaður vegna fjárfestinga í öryggiseignum, svo sem færslugjöld, en slíkur kostnaður lækkar hugsanlega ávöxtun sem fellur til samnings þíns. Við sýnum þér áhrif þessara liða með því að nota virkan kostnað sem sýnir meðaltals lækkun á ávöxtunarárangri samnings þíns.

Þegar við reiknum virkan kostnað gerum við ráð fyrir stöðugum fjárfestingarárangri samningsins sem nemur x.xx% (fyrir frádrátt kostnaðar). Miðað við þessa forsendu lækkar fjárfestingarárangur samnings þíns vegna þessa kostnaðar (virkur kostnaður) í x.xx % á ári þar til kemur að samþykktum upphafsdegi lífeyris.

Kostnaður og virkur kostnaður sem hefur verið tilgreindur fram að þessu tengist samningi með samþykktum iðgjaldsgreiðslum. Verði breyting á samning (t.d. breyting á reglulegu iðgjaldi) getur kostnaður hækkað eða lækkað. Vinsamlega athugaðu að raunkostnaður og þar af leiðandi virkur kostnaður samnings getur þróast á líftíma samnings, til dæmis ef að kostnaður sem leiðir af fjárfestingum breytist eða þá að annar fjárfestingarárangur næst.

Á tímabili lífeyrisgreiðslna (ævilangur lífeyrir eða tímabundin lífeyrir), fellur til frekari umsýslukostnaður sem nemur 1.5% af lífeyrinum. Sem dæmi þá er þetta € 1.50 fyrir hverjar € 100 af mánaðarlegum lífeyri. Við innheimtum frekari umsýslukostnað sem nemur 0.10 % tryggingafræðilegri tryggingaskuld. Þetta eru € 0.10 fyrir € 100 í tryggingaskuldinni.

Við innheimtum gjöld fyrir tiltekna vinnslur. Þau standa undir meðaltali vinnslukostnaðar og geta því breyst í framtíðinni. Við upplýsum þig um þennan kostnað hvenær sem þú óskar. Núgildandi gjöld eru tiltekinn í neðangreindri töflu. Vegna viðskiptavildar þá innheimtum við ekki núna sum þessara gjalda.

Vinnsla	Fjárhæð	Álagt núna?
Útgáfa aukaskírteinis fyrir tryggingarsamninginn	20 €	Nei
Greiðsluáskorun vegna ógreidds iðgjalds	3 €	Já
Skuldfærsla beingreiðsu	3 € auk kostnaðar sem innheimtur er til okkar frá þriðja aðila	Nei
Skráning samningsbreytinga sem þurfa samþykki okkar	20 €	Nei
Leit að heimilisfangi	5 € auk kostnaðar sem innheimtur er til okkar frá þriðja aðila	Nei
Uppskipting samnings vegna skiptingar lífeyrisréttinda	200 €	Já

Frekari upplýsingar um kostnað er að finna í almenna tryggingarskilmálunum fyrir Future Pension Classic í köflunum “Hvernig er kostnaður við samning þinn fjármagnaður?” og “Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?”.

Upplýsingar um gildandi skattareglur

Bæði tryggðar og hugsanlegar lífeyrisgreiðslur sem taldar eru upp í þessu skjali taka ekki tillit til skattfrádráttar sem kann að verða til. Vinsamlegast skoðuðu meðfylgjandi skattaupplýsingar til að fá frekari upplýsingar um gildandi skattareglur.

Tilgangur þessa tilboðs er að upplýsa þig um viðkomandi tryggingavernd. Þú finnur nánari upplýsingar um tryggingar þínar í tryggingaskilmálum samnings þíns og öðrum tilboðsskjölum hans.

Tilboðið er með fyrirvara um breytingar. Við áskiljum okkur rétt til að gera breytingar á iðgjöldum í millitíðinni þar til samningur er gerður.

Yfirlit yfir skilmála og neytendaupplýsingar sem eiga við um tilboð til þín

Eftirfarandi skilmálar og skjöl eru hluti af þessu tilboði:

Iðgjaldaskrá: FPC1

- Almennir tryggingaskilmálar fyrir Future Pension Classic
- Skattaupplýsingar (fyrir Future Pension)
- Almennar neytendaupplýsingar (fyrir Future Pension)
- Viðbótarsamkomulag fyrir VPV Future Pension Classic samkvæmt iðgjaldaskrá FPC1